



VINSTRI GRÆN

## Flokksráðsfundur VG í Hlégarði Mosfellsbæ 4. mars 2017.

Björn Valur Gíslason stýrir fundi.

Elín Oddný Sigurðardóttir og Hrafnkell Lárusson rituðu fundargerð.

Fundur settur klukkan 10.20.

1. Björn Valur Gíslason, varaformaður og formaður flokksráðs ávarpar fundinn, fer yfir dagskrá fundarins, fyrirkomulag hópstarfsins en og setur fundinn.
2. Katrín Jakobsdóttir, formaður VG flytur ræðu. Katrín fer yfir kosningabaráttu Vinstri grænna í síðustu Alþingiskosningum, kosningaútkomuna, stjórnarmyndunarviðræður, stöðuna á þingi og í samfélaginu að loknum kosningum.
3. Maríanna Traustadóttir, fulltrúi ASÍ í aðgerðahóp stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti flytur erindi. Í erindi sínu fjallaði hún um jafnlaunastaðalinn, jafnlaunavottun fyrirtækja og mikilvægi þessarra verkfæra sem tæki til að ná launajafnrétti í samfélaginu.
4. Hannes G. Sigurðsson, fulltrúi atvinnurekenda í aðgerðahóp stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti flytur erindi um atvinnulífið og jafnréttismál.
5. Fyrirspurnir og umræður í kjölfar erinda. Björn Valur Gíslason stýrir umræðum í kjölfar fyrirspurna úr sal.

Hlé gert á fundi fyrir hádegisverð kl. 12.35.

Fundur settur að nýju kl. 13.15.

4. Hópstarf eftirfarandi hópar voru við störf. Hópar velji sér hópstjóra og ritara sem taka saman niðurstöður hópavinnunar.
  - a) Vinstri græn og þingstörfin – fundar í fremri sal.
  - b) Vinstri græn og umheimurinn – fundar í matsal.
  - c) Vinstri græn og flokksstarfið – fundar í hliðarsal.

Hlé gert á fundi fyrir kaffi kl. 14.45.

Fundur settur að nýju kl. 15.05.

5. Kynning á framkomnum ályktunardrögum og tillögum.

1. Almenn stjórnsmálályktun frá stjórn Vinstri grænna – samþykkt að setja á dagskrá fundar með afbrigðum þar sem hún barst eftir að tímafrestur til að skila inn ályktunum var liðin.

2. Ályktun frá framkvæmdastjórn UVG um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu.

3. Ályktun frá Steingrími J. Sigfússyni um samgöngumál – samþykkt að setja á dagskrá fundar með afbrigðum þar sem hún barst eftir að tímafrestur til að skila inn ályktunum var liðin.

4. Tillaga frá stjórn VG um skipan málefnaþópa sem starfa fram að landsfundi 2017 - samþykkt að setja á dagskrá fundar með afbrigðum þar sem hún barst eftir að tímafrestur til að skila inn ályktunum var liðin.

6. Niðurstöður hópastarfs kynntar.

Kynning á samantekt þeirra hópa sem störfuðu á flokksráðsfundi.

- a) Vinstri græn og þingstörfin – Svandís Svavarsdóttir kynnr umræður í hópi um VG og þingstörfin. Átján félagar tóku þátt. Farið yfir verkaskiptingu þingflokks, mál sem liggja fyrir þinginu, forgangsmál VG og nýjum vinnubrögðum við vinnslu fjárlaga vegna nýrra laga um opinber fjármál. Rætt um samgönguáæltun og vanfjármögnun hennar. Farið yfir stöðuna í þinginu. Mikil endurnýjun í þingliðinu og að mörgu leyti óvenjuleg staða uppi í þeim efnum. Staðan á þinginu oft flókinn og stjórnarandstaðan óvenjulega samsett.
- b) Vinstri græn og umheimurinn – Rósu Björk Brynjólfssdóttir kynnr umræður í hópi um VG og umheiminn. Tuttugu og tveir félagar tóku þátt í umræðum um alþjóðamál. Málin rædd í í víðum skilningi. Bæði stöðuna alþjóðlega, á þingi og hjá okkur í VG. Rætt um Tump og Brexit og flóttamannavandann. VG er nú með tvo fulltúa í utanríkismálanefnd en það eru þær Rósa Björk og Steinunn Þóra. Rætt um stöðuna varðandi NATO vegna breyttra áherslna bandaríkaforseta. Móttaka flóttafólks, mikilvægt að halda málefnum flóttamanna á lofti. Rætt um Parísarsamkomulagið og Kyoto bókunina í loftlagsmálum. Við uppfyllum ekki alþjóðlegar

skuldbindingar í loftlagsmálum. Rætt um uppgang þjóðernishyggju og pópulistaflokka víða í evrópu.

- c) Vinstri græn og flokksstarfið – Katrín Jakobsdóttir gerir grein fyrir umræðum í hópum um VG og flokksstarfið. Alls tóku tuttugu og níu félagar í hópum. Hópurinn sammála um að virkja þurfi fleiri félaga til að starfa með hreyfingunni. Þurfum að leita nýrra lausna til að virkja bæði almenning og féлага. Stjórnámálamenn þurfa að fara út í samfélagið og hitta fólk, ekki bara hitta féлага sína á lokuðum fundum. Einnig þurfum við að vera duglegri að nýta þá sérfræðiþekkingu sem býr í félögum. Byggja brýr milli kjörinna fulltrúa og almennra féлага. Rætt um samræmdar áherslur VG fyrir öll sveitarfélög í aðdraganda næstu sveitarstjórnarkosninga.

## 7. Almennar stjórn mála umræður.

Sóley Björk Stefánsdóttir ræðir um Trump og uppgang þjóðernispópulisma. Hvað hefur myndað gjá milli stjórn mála og almennings? Hvernig byggjum við brýr á milli ólíkra hópa?

Lilja Rafney Magnúsdóttir ræðir jafnlaunavottun og jafnrétti kynjanna. Aukagreiðslur eru oftast greiddar til karla en kvenna. Mikilvægt að tæki til að stuðla að sömu launum fyrir sömu vinnu taki á því. Einnig ræddi hún um mikilvægi hlutverk karla í jafnréttisbaráttunni. Fæðingarorlof karla mikilvægur þáttur í jafnréttisbaráttunni. Jöfn laun karla og kvenna stuðla að fjölskyldujafnrétti og ýta undir að karlar taki fæðingarorlof.

Guðrún Jónsdóttir saknar umræðu um kvennapólitík, stöðu kvenna í samfélaginu og femíníska baráttu. Kvenfrelsi er ein af fjórum stoðum hreyfingarinnar. Þurfum að halda þessu máli á lofti. Því þessi deifð yfir málum? Finnst okkur við hafa náð ásættanlegum árangri í launamuni kynjanna og kynbundnu ofbeldi. Guðrún veltir fyrir sér hvort bakslag sé í jafnréttisbaráttunni. Jafnlaunavottun er hvítþvottur í jafnréttismálum, Guðrún hvetur þingmenn til að standa gegn því máli.

Ólafur Kjartansson ræðir um eignarréttin. Hvað er hægt að eiga? Hvað getur fallið þar undir? Vantar umræðu í samfélaginu um eignarhald, hvað er einkaeign og hvað er félagsleg eign?

Steingrímur J. Sigfússon fór yfir umræðuna um nauðsyn samtals milli féлага og kjörinna fulltrúa. Stundum skapast þörf fyrir meira samtal og upplýsingagjöf frá kjörnum fulltrúum til féлага. Einnig minnir hann á framkomna ályktun sína um samgöngumál. Ofhitnun í hagkerfinu hér á

landi og mörg hættumerki á lofti. Mikilvægt að núverandi ríkisstjórn fái utankomandi aðhald frá almenningi í landinu. Nota tímann fram að sveitarstjórnarkosningum til að sækja fram í þeim kosningum, nýta þann meðbyr sem við höfum.

Birna Þórðardóttir – ræðir um framkomnar ályktanir og gerir athugasemdir við þær.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir – fer yfir einkavæðingaráform núverandi ríkisstjórnar bæði á bönkum og fjármálastofnunum og heilbrigðiskerfinu. Rósa Björk tekur til sín brýningu Guðrúnar Jónsdóttur um mikilvægi þess að halda janfréttismálum á lofti. Að lokum vildi hún benda á mikilvægi þess að halda á lofti umhverfismálunum, VG þarf að vera leiðandi í þeirri umræðu. Við þurfum að halda sérstöðu okkar, við eigum ekki umhverfismálin.

Jakob S. Jónsson – leggur til breytingu á tillögu um málefnaþópa sem starfa fram að landsfundum. Leggur hann til auk þeirra málefnaþópa sem upp eru taldir verði starfandi ferðamálahópur. Vinstri-græn fyrsta stjórnarmálahreyfingin sem setti sér stefnu í ferðamálum.

Ragnar Óskarsson – lýsir yfir ánægju sinni með þingflokk VG, einnig þakkar hann fyrir að hafa fengið aftur þingmann í suðurkjördæmi. VG á erindi við fólkið í landinu, leysa þarf þær áskoranir sem samfélagið stendur fyrir á samfélagslegum forsendur. Almannahagsmunir ofar sérhagsmunum.

Magnús Sveinn Helgason – ræddi um gjánna milli stjórn mála og almennings m.t.t. þróunar alþjóðastjórn mála – kjör Trumps. Snýst ekki um gjá milli góðra og vondra. Þetta er gjá sem hægrið hefur búið til. Stjórn málin látin snúast um siðferðislegar spurningar. Við erum ekki að valda þessu en verðum að gæta þess að láta ekki draga okkur inn í þetta.

Svandís Svavarsdóttir – Bregst við ræðum Sóleyjar og Magnúsar. Hvert er hlutverk okkar að berjast gegn öfgahægrinu og populismanum.

Mikilvægt að vera talsmenn róttækrar vinstristefnu. VG á að berjast gegn fátækt á Íslandi. Við eigum að standa með þeim undirokuðu í samfélaginu. Við eigum að standa með almannþjónustu og opinberum starfsmönnum. Átökin í samfélaginu eiga grundvöll sinn í stéttarbaráttu. Við getum alltaf sótt okkar leiðarljós í hinar 4 grunnstoðir hreyfingarinnar.

Cecil Haraldsson - ræðir um traust almennings til alþingis. Alþingi nýtur lítillar viðringar almennings. Hvernig stendur á þessu? Ekki hefur verið tekið á spillingu í samfélaginu. Það dregur úr trausti almennings. Íbúar þessa lands upplifa ekki að þetta séu fulltrúar þeirra á þinginu.

Kolbeinn Óttarsson Proppé – deilir áhyggjum Cecil af litlu trausti til Alþingis. Mikilvægt að efla það. Vinna flokksstarfið jafnt og þétt, ekki vera alltaf að vinna í upptakti að kosningum heldur vera alltaf að. Við eigum að vera allaf í kosningaham. Hitta fólk víða um land ekki bara í kosningabaráttu. Tengja saman þingflokk og sveitarstjórnarfulltrúa.

Ingibjörg Þórðardóttir – tekur undir mikilvægi þess að stilla ekki upp landsbyggð og höfuðborgarsvæði sem anstæðum. Niðurskurður á samgönguáætlun bitnar illa á austurlandi. Félagar okkar í Beruferði eru að skipuleggja mótmælaaðgerðir vegna slæms ástands vega á svæðinu. Félagar hvattir til að deila fréttum af aðgerðunum á samfélagsmiðlum.

Elva – vekur athygli á málefnum stúdenta og LÍN frumvarpi. Ekki hægt að taka námslán eftir fertugt skv. því frumvarpi. Einnig leggst hún gegn því að þungunarrof verði heimilað fram að 22. viku. Hvaða afstöðu hafa vinstri græn til þessa máls?

Andrés Ingi Jónsson – tekur til sín brýninguna í jafnréttismálum. Mikilvægt að kjörnir fulltrúar taki til sín ábendingar félaga sinna.

Dagný Úlfarsdóttir – ræðir um fjölónæmum sýklum og mililli notkun sýkjalyfja. Matvælaöryggi landsmanna í hættu. Sýkjalyf flæða gegnum innflutt matvæli til okkar. Við sem flokkur ættum að berjast gegn innfluttningi á matvæli.

Andrés Magnússon – ræðir um orkuskort á austurlandi. Til þess að hægt sé að tryggja orku til stóriðju er verið að nota olíku til orkuöflunar á austurlandi. Orkustofnun gengur erinda vafasamra aðila í sveitarfélögum á austurlandi. Við sem hreyfing þurfum að móta okkur stefnu í orkumálum. Það er ekki orðin nein orka eftir fyrir almenning í landinu, öll orkan fer til erlendra stórfyrirtækja sem greiða ekki skatta hér á landi. Löggjöfin um heimagistingu gerir sveitarfélögum illa kleift að berjast við Airbnb. Er verið að taka skipulagsvaldið af sveitarfélögum?

Gyða Dröfn Hjaltadóttir – sem fulltrúi í framkvæmdastjórn UVG er í lagi að ályktunin um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu verið felld niður ef breytingartillaga við almenna stjórn málaályktun sem inniheldur sama boðskap verður samþykkt. Einnig tekur Gyða undir brýningu Guðrúnar

Jónsdóttir um mikilvægi þess að halda kvenfrelsisbaráttunni á lofti. Til hverra er leitað í fjölmiðlum? Hvar eru raddir kvenna? Að lokum fagnar hún framkomnu frumvarpi um lækkun kosningaaldurs í 16 ár til þess að auka áhuga ungs fólks á stjórnmálum og auki kosningaþátttöku.

Heiðdís Ylva – Mikilvægt að tryggja geðheilbrigðisþjónustu til allra óháð efnahag. Niðurgreiða þarf sálfræðiþjónustu til jafns við aðra heilbrigðisþjónustu. Geðheilbrigðisþjónusta er dýr og ekki á færi allra að fá þjónustu við hæfi. Þurfum að berjast fyrir þennan hóp.

#### 8. Afgreiðsla ályktana og tillagna.

1. Almenn stjórnmálályktun frá stjórn Vinstri grænna - samþykkt samhljóma með áorðnum breytingum.
2. Ályktun frá framkvæmdastjórn UVG um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu - var dregin tilbaka þar sem efni hennar var komin inn í almenna stjórnmálaályktun með breytingartillögu.
3. Ályktun um samgöngumál – samþykkt samhljóða.
4. Tillaga frá stjórn VG um skipan málefnaþópa sem starfa fram að landsfundi 2017 – tillagan samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

Formaður flokksráðs Björn Valur Gíslason ávarpar fundinn.

Fundi slitið kl. 16.55.